TP-Link WiFi Magnari


20.10.2026

TP-Link HX710 er WiFi 6 magnari sem dreyfir WiFi merikinu frá TP-Link EX820v eða TP-Link HB810 og verður hluti af sama mesh-neti. Þegar magnarinn hefur verið paraður notar hann sama WiFi nafn og lykilorð og netbeinirinn.

> **Hraði um netsnúru er allt að 1 Gb/s**
> HX710 er með tvö Gigabit Ethernet-tengi. Tæki sem er tengt við magnarann með netsnúru getur því fengið allt að 1 Gb/s um tengið.

Hvað er í kassanum?

Í kassanum er TP-Link HX710 WiFi magnari, netsnúra og straumbreytir.



Setja upp WiFi magnarann

Þú getur bætt HX710 við mesh-netið með Aginet appinu, WPS, netsnúru eða vefviðmóti TP-Link netbeinisins. Hafðu magnarann nálægt netbeininum á meðan pörun fer fram.

Ef HX710 hefur áður verið paraður við annað net skaltu núllstilla hann áður en þú bætir honum við nýtt mesh-net.

Með netsnúru

1. Tengdu HX710 við rafmagn og bíddu þar til hann hefur ræst sig.
2. Tengdu netsnúru í *WAN/LAN* tengið á HX710 og hinn endann í *LAN* tengi á netbeininum.

3. Bíddu í nokkrar mínútur á meðan tækin parast.
4. Staðfestu að stöðuljósið á HX710 sé stöðugt hvítt eða grænt.

Með Aginet appinu

Einfaldasta leiðin til að setja HX710 upp er meðAginet appinu frá TP-Link.

1. Opnaðu Aginet appið.
2. Ýttu á **+** og veldu**Add Agent**.
3. Veldu tegund tækis og fylgdu leiðbeiningunum í appinu þar til það leitar að mesh-tækjum.
4. Veldu HX710 þegar hann finnst og ýttu á**Add as Agent**.
5. Veldu **Done** þegar uppsetningu er lokið.


Með WPS

Með WPS geturðu parað HX710 þráðlaust við netbeininn án þess að slá inn WiFi lykilorð.

> **Ýttu aðeins stutt á WiFi / WPS takkann á EX820v**
> Ef takkanum er haldið inni of lengi getur WiFi slokknað á EX820v. Ef það gerist skaltu halda takkanum inni aftur þar til WiFi ljósin kvikna.

1. Tengdu HX710 við rafmagn og bíddu í um tvær mínútur þar til hann hefur ræst sig.
2. Ýttu stutt á**WiFi / WPS** á EX820v eða**WPS** á HB810.
3. Ýttu á **WPS** á HX710 innan tveggja mínútna.
4. Bíddu í 2–3 mínútur á meðan tækin finna hvort annað og parast.

Þegar pörun hefur tekist verður stöðuljósið á HX710 stöðugt hvítt eða grænt.



WPS / WiFi pörunar takki

Þú getur notað HX710 með eða án netsnúru eftir pörun
Þú getur skilið netsnúruna eftir til að nota snúrutengingu milli mesh-tækjanna eða aftengt hana og fært magnarann. Ef snúran er aftengd tengist HX710 mesh-netinu þráðlaust.

Í vefviðmóti netbeinisins

1. Tengdu tölvu við TP-Link netbeininn með WiFi eða netsnúru.
2. Opnaðu vefviðmót TP-Link netbeinisins og skráðu þig inn.
3. Farðu í **Basic > Mesh** eða **Advanced > Wireless > Mesh** og veldu **Add Mesh Device**.
4. Veldu **Add By Scanning**.
5. Veldu **Scan for TP-Link Mesh Devices**.
6. Veldu HX710 þegar hann birtist í listanum og ýttu á **Add**.
7. Farðu í **Basic > Network Map > Topology** og staðfestu að HX710 hafi bæst við mesh-netið.

Staðsetja WiFi magnarann

Eftir pörun skaltu koma HX710 fyrir þar sem hann nær góðu sambandi við netbeininn eða annað mesh-tæki og getur jafnframt bætt sambandið á svæðinu þar sem WiFi er veikt. Ekki setja magnarann alveg út fyrir drægni núverandi WiFi nets.

Ef hægt er að leggja netsnúru að magnaranum geturðu haft hann áfram snúrutengdan við mesh-netið. Nánari ráð um staðsetningu og WiFi finnur þú í leiðbeiningum um WiFi, hraða og drægni.

Tengja fleiri HX710 magnara

Þú getur bætt fleiri HX710 mögnurum við sama mesh-net með sömu aðferðum. Hafðu nýjan magnara fyrst nálægt netbeininum á meðan þú parar hann og færðu hann síðan á þann stað þar sem hann á að bæta WiFi sambandið.

Stöðuljós

Stöðuljósið á HX710 sýnir hvort magnarinn sé tilbúinn fyrir uppsetningu, tengdur við mesh-netið eða hvort vandamál hafi komið upp.

Gult	Blikkar	Tækið er að ræsa sig eða núllstilla sig.
Hvítt eða gult	Stöðugt	Tengigæði tækisins eru eðlileg.
Blátt	Blikkar	Tækið er tilbúið fyrir uppsetningu.
	Blikkar hratt	Tækið er að mynda WPS- eða mesh-tengingu.
	Stöðugt	Tækið er uppsett en nær ekki internettengingu.
Hvítt eða grænt	Blikkar	Tækið er að uppfæra hugbúnað.
Rautt	Blikkar	Tækið hefur misst samband við mesh-netið.
	Stöðugt	Vandamál er með tækið.

Ef magnarinn tengist ekki

- Hafðu HX710 nálægt netbeininum á meðan þú parar tækin.
- Ef ljósið blikkar rautt skaltu færa magnarann nær netbeininum og prófa aftur.

- Ef ljósið er stöðugt blátt skaltu athuga hvort netbeinirinn sjálfur sé með internettengingu.
- Ef magnarinn hefur áður verið notaður á öðru neti skaltu núllstilla hann og para aftur.

Núllstilla HX710

> **Núllstilling eyðir pörun og stillingum magnarans**
> Eftir núllstillingu þarftu að bæta HX710 aftur við mesh-netið.

1. Finndu innfellda **RESET** takkann á HX710.
2. Notaðu mjótt áhald, til dæmis bréfaklemmu, til að ýta á takkann.
3. Haltu **RESET** inni þar til stöðuljósið byrjar að blikka gult. Það tekur yfirleitt 2–5 sekúndur.
4. Bíddu þar til HX710 hefur ræst sig aftur áður en þú parar hann við netið.
